

46

25. marz

Sýslunefndin í Rangárvallasýslu skal hafa á hendi aðalumsjón sjóðsins, og skal hún kjósa stjórn sjóðsins, úrskurða reikninga o. s. frv.

5. gr.

Sýslunefndin skal kjósa 3 menn í stjórn sjóðsins til þriggja ára, og ef einhver fellur frá eða gengur úr stjórninni, skal sýslunefndin kjósa í hans stað í stjórnina.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal gangast fyrir samskotum til sjóðsins, þegar henni þykir henta, semja reikninga sjóðsins og leggja þá árlega fyrir sýslunefndina til úrskurðar, og skal jafnframt lögð fyrir hana söfnunarsjóðsbók sjóðsins. Stjórn sjóðsins skal og veita styrk samkvæmt ákvæðum 3. gr.

7. gr.

Amtsráð Suðuramtsins hefur eptirlit með, að skipulagsskrá sjóðsins sje ekki brotin.

8. gr.

Þegar sýslunefnd Rangárvallasýslu í einu hljóði ákveður svo og amtsráð Suðuramtsins samþykkir, má verja vöxtum þeim, sem nefndir eru í 3. gr., árlega til styrkveitinga.

9. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal beiðast konunglegrar staðfestingar. Fyrir hönd samskotanefndarinnar.

Árbæ í Holtum, 31. okt. 1894.

Páll Briem.

47

21. febr.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun konungsstaðfestingar á lagafrumvarpi um breyting á gjöldum þeim er hvíla á jafnaðarsjóðunum. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 20. sept. f. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað frumvarp til laga um breyting á gjöldum þeim, er hvíla á jafnaðarsjóðunum, sem borið var upp af þingmanna hálfu og samþykkt á aukapinginu 1894, og miðar frumvarp þetta að því, að ljetta sumpart af jafnaðarsjóðunum sumpart af bæjarsjóði Reykjavíkur eptirfyljandi gjöldum:

1. kostnaði við kennslu heyrnar- og málleysingja, útbúnað þeirra m. m.
2. kostnaði við bólusetningar og
3. kostnaði við sáttamál,

þannig að gjöld þessi sjeu eptirleidis greidd úr landssjóði.

Þjer hafið viðvikjandi frumvarpi þessu tekið fram, að þingið hafi, síðan það fjekk hlutdeild í lögjafarvaldinu, ljett af jafnaðarsjóðunum fjölda mörgum greiðslum, er áður hvíldu á þeim, og lagt þær á aðra sjóði, sjerstaklega landsjóðinn, með ýmsum lagaboðum, nefnilega lögum nr. 27 17. desbr. 1875, lögum nr. 30 s. d., lögum nr. 9, 11. febr. 1876, kosningalögum nr. 14. sept. 1877, lögum nr. 19, 2. nóv. 1877, lögum 12 júlí 1878 og lögum 21. sept. 1883; að amtsjafnaðarsjóðirnir, ef útgjöldum þeim sem um ræðir í 1.—3. gr. frumvarpsins, einnig

væri af þeim ljett, hjer eptir mundu eigi hafa önnur lögboðin gjöld af hendi að 47 inna en kostnaðinn við amtsráðin og eptirlitsferðir amtmannanna, svo og af-21. febr. borganir og vexti af þegar teknum lánum; að amtsráðin í seinni tíð hafi tekið að veita af jafnaðarsjóðunum styrk til skóla og annara fyrirtækja, sem í ströngum skilningi ekki liggi undir verkahring þeirra, eins og hann er ákveðinn í tilsk. um sveitastjórn á Íslandi, 4. maí 1872; að jafnaðarsjóðsgjöldin hafi þó verið tiltölulega lá í seinni tíð, þ. e. eptir meðaltali 5 síðustu ára 12—14 aurar á lausafjárhundrað á móti 25—40 aur. árin 1874—76, og að þetta gjald mundi minnka enn meir, jafnvel til helminga, ef frumvarp það, sem hjer er um að ræða, yrði staðfest.

Þetta, sem þjer þannig hafið tekið fram, virðist yður þegar mæla á móti því, að lagafrumvarpið öðlist staðfestingu, og auk þess teljið þjer, þvert á móti því sem haldið var fram í umræðunum á alþingi, að gjöld þessi sjeu ekki í sjálfu sjer þess eðlis, að þau að rjettu lagi eigi að hvíla á landssjóði.

Að því þannig snertir gjöldin til dauðumbrakennslu o. s. frv., sem eptir meðaltali síðustu 5 ára hafa numið c. 1200 kr. á ári, en eru að fara í vöxt, álitíð þjer, að rjettast sje að skoða þau sem sveitarmálefni, er snerti fátækrastrjórnina, með því að þau samkvæmt tilskipun 26. febrúar 1872 eigi fyrst og fremst að greiðast af hlutaðeiganda sjálfum eða þeim, sem fyrir honum eiga að sjá, og ekki af hinu opinbera nema því að eins, að fátækt hamli.

Gjöldin til bólusetninga, sem að jafnaði eru 950 kr. á ári, geta eptir skoðun yðar ekki sezt á bekk með útgjöldum við læknaSKIPUNINA, sem greidd eru að öllu leyti af landssjóði, með því að bólusetningin sje sóttvarnarráðstöfun, sem falin er á hendur öðrum en læknisfróðum mönnum, og sem er eins mikið fyrir hvert einstakt hjerað eins og landið í heild sinni, og við það bætist, að það sje óhentugt að gjöld þessi sjeu greidd af landssjóði, með því að slíkt fyrirkomulag mundi valda auknum skriptum og umsvifum, og sjerstaklega gjöra bólusetningamönnum í fjarlægari hjeruðum óþarflega erfitt fyrir að ná launum sínum.

Að því er loks snertir útgjöldin til sáttamála takið þjer fram, að þau nemi að eins 20—25 kr. á ári fyrir allt landið, og fyrir slíkt lítilræði sje ekki ástæða til að breyta ástandi, sem staðið hefur allt að því öld.

Þegar nú þar við bætist, að hjer er um fjármál að ræða, sem rjettast væri að rætt væri á reglulegu þingi jafnframt öðrum fjármálum, að lagafrumvarpið sjálft á eptir ákvæðum þess ekki að ganga í gildi fyr en um leið og fjárlögin fyrir næsta fjárhagstímabil, og að frumvarpið hefur að eins með litlum atkvæðamun náð fram að ganga í báðum deildum, verður skoðun yðar sú, að nú sem stendur sje ekki nægileg ástæða til að leggja til að lögin verði staðfest.

Samkvæmt þessu, er þjer, herra landshöfðingi, hafið tekið fram, sem jeg í öllu verulegu er samþykkur, og sem í öllu falli er nægt tilefni til þess að biða eptir því, hvort alþing vill halda máli þessu fram eptir nýja yfirvegun, hef jeg í þegnsamlegum tillögum mínum mælt með því, að frumvarp þetta verði ekki staðfest, og hefur hans hátign konunginum 15. þ. m. þóknazt að fallast á þá tillögu.

47 Þetta tilkynnist yður hjer með þjónustusaml. til þóknanlegrar leiðbeining-
21. febr. ar og birtingar í B.-deild Stjórnartíðindanna.

48 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun konungsstaðfest-
21. febr. ingar á lagafrumvarpi um búsetu fastakaupmanna. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 13. okt. f. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað lagafrumvarp, sem upp hafði verið borið af þingmanna hálfu og samþykkt á aukþinginu 1894 um búsetu fastakaupmanna á Íslandi.

Viðvíkjandi frumvarpi þessu, sem fer í þá átt að banna, að viðlögðum þungum refsingum, öllum, sem ekki hafa fast heimili á Íslandi, að stofna eða reka þar fasta verzlun, hafið þjer í yfirliti yfir sögu máls þessa frá því er það fyrst kom inn á alþingi, sýnt fram á, að þingið áður jafnan hafi goldið varhuga við, að fallast á slíka ráðstöfun, með því að frumvörp um þetta hafi hvað eptir annað verið felld, þangað til málið loksins í fyrrasumar náði fram að ganga í báðum deildum með mjög litlum atkvæðamun. Í sambandi við þetta hafið þjer skirskotað til þess að stjórnin hafi einnig, bæði í auglýsingu til alþingis 22. maí 1871 II 11 út af þegnlegri bænaskrá alþingis 1869 um sama efni, og í brjefi ráðgjafans fyrir Ísland 12. júlí 1878 út af lagafrumvarpi, er samþykkt var á alþingi 1877 um rjettindi hjerlendra kaupmanna og kaupfjelaga, skýrt tekið fram, að hún ekki vildi fallast á neina takmörkun á jafnrjetti því, sem hingað til hefur átt sjer stað að því er verzlunarviðskipti snertir milli Ísands og Danmerkur, og mundi frumvarp það, sem nú er farið fram á, ef að lögum yrði, gjöra miklu meiri skerðing á jafnrjetti þessu, heldur en eptir frumvarpi því, sem þingið samþykkti 1877. Þjer hafið þar næst leitt athygli að því, að það sje ekki sjálfu sjer samkvæmt, að leyfa öllum, án tillits til heimilisfangs, að verzla sem lausakaupmenn, ekki að eins á löggiltum kauptúnum, heldur hvar sem er við stendur landsins án nokkurs tímatakmarks, en aptur á móti banna öllum, sem ekki eru búsettir í landinu sjálfu að hafa fastar verzlanir, og það því fremur, sem fastar verzlanir greiða skatta og skyldur til lands og sveitar, jafnt hvort eigendur eru búsettir í landinu eða ekki. Þjer hafið ennfremur tekið fram, að slík lög mundu leggja nýtt haft á verzlunina til stórmikils hnekkis fyrir frjálsa samkeppni, með því að reynslan hafi sýnt, að eptir því sem á stendur, sjerstaklega vegna þess að frjettaprád til útlanda vantar, gufuskipsferðir eru allt of strjálar og Ísland svo langt frá heimsmarkaðinum, hafi fastakaupmennirnir, ekki að eins þeir, er danskrar ættar eru, heldur einnig íslendingar, komiðt að raun um, að þeim væri hentugra að búa utanlands, til þess að geta þar keypt vörur þær, sem þeir flytja til Íslands, og sætt beztu horfum á heimsmarkaðinum til þess að selja þær vörur, er þeir kaupa á Íslandi. Ennfremur mundu slík lög sem þessi koma mjög í bága við þá grundvallarreglu, sem alþingi hefur fylgt síðan það fjekk hlutdeild í löggjafarvaldinu, að gjöra aðgang að verzlun á Íslandi svo ótakmarkaðan sem unnt er, sbr. einkum breyting á eldri lögum um siglingar og verzlun á Íslandi 7. nóv. 1879, lög um verzlun lausakaupmanna 2. desbr. 1887, lög um að fá útmældar lóðir í kaupstöðum og á löggiltum kauptúnum o. fl. 13. marz 1891, og fjölda lagaboda frá síðari árum um löggildingar verzlunarstaða.